



**ÁLIT NR. 03/2009**

**FLUGÖRYGGISSTOFNUNAR EVRÓPU**

frá 07.12.2009

um reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 frá 24. september 2003 um framkvæmdarreglur lofthæfis- og umhverfisvottunar loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottunar hönnunar og framleiðslufyrirtækja.

*'Takmörkuð tegundarskírteini og takmörkuð lofthæfisskírteini'*

## I. Almennt

1. Tilgangur þessarar álitsgerðar er að leggja það til við framkvæmdastjórnina að reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr 1702/2003<sup>1</sup> verði breytt og viðauka (hér eftir hluti -21) með því að innifela útfærðar og bættar kröfur til að gefa út takmörkuð tegundarskírteini (e. restricted type certificates - R-TC) og takmörkuð lofthæfisskírteini (e. restricted certificates of airworthiness - R-CoA).
2. Skoðunin hefur verið samþykkt, eftir að verklag tiltekið af stjórn Flugöryggisstofnun Evrópu (stofnunin)<sup>2</sup>, í samræmi við ákvæði 19 greinar reglugerðar (EB) nr 216/2008<sup>3</sup> (hér eftir nefnd grunnreglugerðin).

## II. Samráð

3. Tilkynning um fyrirhugaða breytingu (e. Notice of Proposed Amendment - NPA) 2008-06<sup>4</sup> sem inniheldur drög að álitum um reglugerð framkvæmdastjórnarinnar til breytingar á reglugerð (EB) 1702/2003 var birt á vefsíðu stofnunarinnar 10 apríl 2008.
4. Á skilafresti, 10.07.08, hafði stofnuninni borist í hendur 120 athugasemd frá 24 innlendum stjórnvöldum, fagfélögum og einkafyrirtækjum.
5. Stofnunin hefur kynnt sér allar athugasemdirnar og felld þær inn í skjal um svör við athugasemdum (e. Comment Response Document - CRD), sem var birt á heimasíðu stofnunarinnar 21.08.2009. Skjalið um svör við athugasemdum inniheldur lista yfir alla einstaklinga og/eða samtök sem hafa lagt fram athugasemdir og svör stofnunarinnar.
6. Megintilgangurinn með tilkynningunni um fyrirhugaða breytingu 2008-06 var að vinna að og bæta kröfurnar um útgáfu takmarkaðra tegundarskírteina og takmarkaðra lofthæfisskírteina. Tilkynningin um fyrirhugaða breytingu lýsir öllum tilfellum þar sem má gefa út takmörkuð lofthæfisskírteini. Þetta á einnig við um tilfelli þar sem áður voru gefin út flugleyfi í samræmi við hluta 21A.701(15). Litið var á þennan valkost í hluta-21 sem aðlögunarrástöfun þangað til reglur fyrir takmörkuð lofthæfisskírteini yrðu bættar á þann hátt að þær gætu einnig átt við þessa tegund af loftfari. Þess vegna var ætlunin með tilkynningunni um fyrirhugaða breytingu að fella niður ákvæðin í hluta 21A.701(15).
7. Fjöldi alvarlegra athugasemda var gerður við niðurfellingu flugleyfishluta 21A.701(15) af samfélagi eigenda loftfara sem nú fljúga á stöðugu flugleyfi sem og af landsstjórnvöldum á sviði flugmála.
8. Stofnunin gerir sér grein fyrir að ekki er að fullu hægt að meta áhrif þeirra breytinga sem lagðar eru fram án þess að hafa lokaniðurstöður frá tilkynningunni um fyrirhugaða breytingu 2008-07 ("ELA ferlið"; "staðlaðar breytingar og viðgerðir" og "vottunarforskriftir fyrir léttar sportflugvélar") og að ef valkosturinn á stöðugu flugleyfi er felldur niður geti það leitt til þess að loftför hætti að fljúga.

<sup>1</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1702/2003 frá 24. september 2003 sem fyrirskipar framkvæmdareglugerðir fyrir lofthæfis- og umhverfisvottanir loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (OJ L 243, 27.9.2003, bls. 6).

<sup>2</sup> Ákvörðun stjórnar varðandi verklag á að vera framfylgt af stofnuninni í málefnum á borð við skoðanir, vottur kröfustaðlar og leiðsagnarefni (reglusetningarferli). EASA MB 08-2007, 13.06.2007.

<sup>3</sup> Evrópuþingsins og Evrópuráðsins frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug, stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, og afnám tilskipunar Evrópuráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002, og tilskipunar 2004/36/EB (OJ L 79, 19.03.2008, bls. 1)

<sup>4</sup> Sjáið reglugerðasafn á [http://www.easa.europa.eu/ws\\_prod/r/r\\_archives.php](http://www.easa.europa.eu/ws_prod/r/r_archives.php).

Þess vegna hefur stofnunin ákveðið að hætta við þessa tilkynningu um fyrirhugaðar breytingar á málsliðum 21A.701, 21A.703, 21A.719, 21A.723, 21B.325 og viðeigandi breytingar á AMC og GM á hluta-21.

9. Þrátt fyrir ofangreint er stofnunin enn þeirrar skoðunar að flugleyfið sé ekki viðeigandi lofthæfisskírteini fyrir loftför sem starfa stöðugt við sömu uppsetningu og aðstæður sem tilgreint er í skýringu með tilkynningunni um fyrirhugaða breytingu.
10. Þess vegna ætlar stofnunin að hrinda af stað nýju reglugerðarferli tileinkað frum- og framhalds lofthæfiskröfum sem og viðeigandi skírteinum fyrir viðeigandi loftför. Slíkar reglugerðarkröfur geta tekið tillit til hinnar nýju reglugerðaraðstæðna eftir að tilkynningin um fyrirhugaða breytingu 2008-07 hefur farið til framkvæmdar og einnig tekið tillit til sérstakra vandamála varðandi loftför sem í dag starfa með stöðugu flugleyfi.
11. Stofnunin hefur ákveðið, með tilliti til annarra umsagna, að innleiða ný ákvæði í drögum að breytingum sem gera kleift að færa loftfar frá venjulegu lofthæfisskírteini til takmarkaðs lofthæfisskírteinis í þeim tilfellum sem tegundin verður "munaðarleysingi". Þetta mun reyndar ekki leysa viðvarandi lofthæfisvanda eins og honum er lýst af fjölda þeirra sem sendu athugasemdir, svo sem hvað varðar fánleika réttmætt vottaðra varahluta.
12. Ofangreindar ákvarðanir voru allar tilgreindar í skjalinu um svör við athugasemdum (e. Comment Response Document - CRD) sem var gefið út ásamt reglutekstum sem afleiðing innleiddra athugasemda.
13. Fyrir 8.júní 2009 höfðu borist fern viðbrögð frá þremur aðilum varðandi svörin við umsagnarleitun. Engin þessara viðbragða hafa orðið til þess að stofnunin hyggi á frekari breytingar á tillögum sínum.

### III. Innihald álits stofnunarinnar

14. Þetta álit leggur til að breyta hluta-21, sérstaklega álitum er varða útgáfu takmarkaðra tegundarskírteina og takmarkaðra lofthæfisskírteina. Hugmyndin með takmörkuðu lofthæfisskírteinin er fellt inn í grunnreglugerðina hvað varðar loftför sem geta ekki uppfyllt allar viðeigandi lofthæfiskröfur en þar sem eigi að síður er hægt að tryggja viðunandi öryggi með hömlunum, takmörkunum og öðrum mildunaraðgerðum. Þessi hugmynd er einnig innifalinn í hluta-21, en vegna tímaskorts var ekki hægt að útfæra nákvæmt og yfirgripsmikið safn krafa og viðurkenndra aðferða til að uppfylla kröfur (e. Acceptable Means of Compliance - AMC)/leiðbeiningarefnis (e. Guidance Material – GM). Á meðan er takmarkað lofthæfisskírteini notað þegar um er að ræða loftför þar sem enginn tegundarskírteinishafi er til staðar og fyrir loftför innan umfangs stofnunarinnar sem hafa ekki (enn) hlotið tegundarskírteini frá stofnuninni. Aðgerðirnar sem verða þróaðar fyrir þessi loftför verður að kerfisbinda í hluta-21.
15. Gildandi regla lýsir nú þegar tveimur leiðum til að fá takmarkað lofthæfisskírteini. Þær eru skýrðar frekar og útfærðar í þessu álitu.
  - *Takmörkuð lofthæfisskírteini eru byggð á takmörkuðum tegundarskírteinum:* Þetta er ætlað loftfari sem getur ekki uppfyllt öll lofthæfisskilyrði vegna þess að þau eru sérstaklega hönnuð fyrir sérstakan tilgang, svo sem uppskeruúðun, veðurathuganir o.s.frv.
  - *Takmörkuð lofthæfisskírteini byggð á hönnunarsamþykki til staðfestingar og í samræmi við sérstakar lofthæfisforskriftir (e. specific airworthiness specifications - SAS) útgefin af stofnuninni í hinu sérstaka tilfalli:* Þetta er ætlað fyrir einstök loftför sem af ýmsum ástæðum geta ekki farið eftir gildandi lofthæfisskilyrðum en samt sem áður er hægt að tryggja viðunandi öryggi með hömlunum, takmörkunum og öðrum mildunaraðgerðum. Dæmin þar sem þessi valkostur er notaður í dag eru loftför án virks tegundarskírteinishafa

(‘munaðarlaus’ loftför) og loftför hönnuð í Sovétríkjunum fyrrverandi þar sem stofnunin hefur ekki (enn) gefið út tegundarskírteini. Ný ákvæði eru lögð til sem leyfa auðveldan flutning á loftfari frá venjulegu lofthæfisskírteini til takmarkaðs lofthæfisskírteinis í tilfellum þar sem tegundin er ‘munaðarlaus’.

Þetta álit fyrirhugar að bæta við þriðja möguleikanum:

- *Takmarkað lofthæfisskírteini byggt á tegundarskírteini og takmörkuðu viðbótar-tegundarskírteini (e. restricted supplemental type-certificate - R-STC):*

Þetta er ætlað fyrir loftför sem þegar hafa venjuleg lofthæfisskírteini (CoA) byggt á venjulegu tegundarskírteini, en hefur verið breytt í sérstökum tilgangi s.b. fyrsta lið. Án þessa nýja möguleika væri eina leiðin til að fá leyfi fyrir þá sem breyta loftförum í sérstökum tilgangi að sækja um algjörlega nýtt takmarkað tegundarskírteini. Ábyrgðin tengd allri hönnun loftfarsins myndi oftast vera utan getu þess aðila er breytir því og væri ekki í samræmi við hvernig “venjulegar” breytingar á loftförum eru höndlaðar í kafla E.

#### IV. Mat á reglugerðaráhrifum

16. Þess er vænst að breytingin hafi meðalhá jákvæð áhrif á öryggi, þegar haft er í huga að megin tilgangur reglugerðaraðgerðarinnar er að endurspegla í kröfunum núverandi vinnulag stofnunarinnar og það vinnulag sem tíðkast hefur í aðildarríkjunum.

Skuldbindingar hinna ýmsu aðila vegna munaðarlausra loftfara munu verða skilgreindar betur til þess að öðlast skilvirkara eftirlit með áframhaldandi lofthæfi. Gert er ráð fyrir að þetta stuðli að auknu öryggi.

Fyrir loftför frá Sovétríkjunum fyrrverandi mun þetta hafa þau áhrif að skilyrðin fyrir að gefa út sérstök lofthæfisskilyrði munu tryggja grundvallar og samræmt öryggisstig. Aðeins þau loftför sem standast eftirlitskilyrðin í samræmi við sérstakar lofthæfisforskriftir SAS geta haldið áfram starfsemi samkvæmt takmörkuðu lofthæfisskírteini. Reiknað er með að þetta stuðli einnig að auknu öryggi.

17. Reiknað er með að heildarefnahagsáhrif þessarar breytingar verði jákvæð. Öll loftför sem í hlut eiga þurfa á einhverskonar lofthæfisskírteini að halda og í öllum tilfellum er þörf á hönnunarsamþykki frá stofnuninni sem fylgt er eftir með ákvörðun um samræmi af hálfu skráningarríkis sem er aðildarríki. Þetta þýðir að þóknarir og gjöld sem tengjast aðkomu yfirvalda munu verða svipaðar fyrir hina ýmsu valkosti.

Hin sjálfvirka og næstum sjálfvirka breyting úr flokki lofthæfisskírteinis fyrir munaðarlaus loftför mun fjarlægja ákveðna stjórnábyrgð og mun því hafa jákvæðar efnahagslegar afleiðingar. Breytingin í flokknum um lofthæfisskírteini fyrir munaðarlaus loftför og loftför frá Sovétríkjunum fyrrverandi og möguleg breyting á leyfðri starfsemi fyrir þessi loftför er afleiðing krafa sem þegar eru til staðar og hefur ekki áhrif á breytingartillöguna.

Aðgerðirnar sem mælt er með til að koma í veg fyrir að loftför verði munaðarlaus munu hafa jákvæð efnahagsleg áhrif vegna þess að eigendur tegundarskírteina munu geta haldið skírteinum sínum á tiltölulega auðveldan hátt; þar með er þeim sem mest eru berskjaldaðir gert kleift að halda starfsemi áfram.

Reiknað er með að hinn nýi möguleiki á takmörkuðum viðbótar-tegundarskírteinum muni hafa hófleg jákvæð efnahagsleg áhrif. Þetta mun gera þeim sem breyta loftförum mögulegt að takmarka samræmingarviðleitni sína aðeins að breyttri hönnun í stað þess að þurfa að sækja um algjörlega nýtt takmarkað tegundarskírteini, með þörfinni á að framfylgja kröfum fyrir allt loftfarið með nýjustu kröfum.

18. Réttmæti og sanngirni hvað varðar útbreiðslu jákvæðra og neikvæðra áhrifa á viðeigandi sviðum: Mest af áhrifunum mun einungis snerta tiltölulega lítinn hluta flugsamfélagsins. Hinsvegar er þetta rökrétt afleiðing efnisins sem fjallað er um í þessari tilkynningu um fyrirhugaða breytingu: Takmörkuð lofthæfisskírteini eru

aðeins veitt þeim loftförum sem notuð eru í sérstökum tilgangi eða loftförum sem geta ekki uppfyllt allar lofthæfiskröfur af öðrum orsökum. Það er þess vegna óhjákvæmilegt að aðeins takmarkaður fjöldi aðila geti hagnast á breytingunni.

Köln, 07.12.09

P. GOUDOU  
Framkvæmdastjóri